



914. fundur stjórnar GSÍ, 11.08.2019 kl.12:00 haldinn í fundarsal á Korpúlfstöðum.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Eggert Á. Sverrisson, Hulda Bjarnadóttir, Hörður Geirsson Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Jón B. Stefánsson, Jón S. Árnason, Gunnar K. Gunnarsson, Bergsteinn Hjörleifsson, Hansína Þorkelsdóttir, og Brynjar Eldon Geirsson sem ritaði fundinn.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð (913) fundar var samþykkt og undirrituð.

2. Stefnumótun GSÍ 2020-27

Eftir að kynningu og umræðum lauk um fyrstu drög að stefnu GSÍ 2020-2027 fyrir fulltrúa golfklúbba á formannafundi tengdum Íslandsmóttinu í golfi þá ræddi stjórn GSÍ um þær ábendingar sem fram komu á fundinum ásamt þeim breytingatillögum sem vísa þyrfti áfram. Stýrihópi stefnumótunar var valið það verkefni að uppfæra drögin í takt við umræður á fundinum.

Í september stendur til að senda öll gögn vegna stefnumóttuarinnar til golfklúbbanna og í framhaldinu verða haldnir samráðsfundir á öllum landsvæðum fram að Golfþingi 2019 þar sem stefnan verður lög fram, til samþykktar.

3. Önnur mál

- Formannabikar 12.08.2019, farið yfir leikfyrirkomulag mótsins.
- Golfþing 2019, dagsetning 22.-23. nóvember kynnt fundargestum.

Ekki voru fleiri mál tekin fyrir og fundi slitið kl.13:00